



Gátlisti fyrir móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í frístundir í Kópavogi

Atriði til að hafa í huga við móttöku erlendra barna í frístund	Gert
Aflið ykkur upplýsinga um menningarheim nýja barnsins (t.d. ég fæ nýjan erlendan þátttakanda í frístund, hvað veit ég um landið? Hvaða tungumál er talað þar? Hversu margir búa þar? Hvernig er menntunarstigið? Hver er aðal atvinnuvegur...? Hvað nýtist mér til að skilja og hjálpa barninu?	
Undirbúið komu nýja þátttakandans í frístundina, t.d. með því að merkja snaga og láta alla frístundaleiðbeinendur vita og upplýsið um það sem skiptir máli.	
Mikilvægt er að huga að því að hjálpa barninu að tengjast félagslega og sjá til þess að það gleymist ekki þegar uppákomur eru í frístundinni eða þegar daglegt skipulag raskast.	
Mikilvægt er að taka vel á móti nýja barninu fyrstu dagana og fylgja því vel eftir. E.t.v. er hægt að tengja barnið við bekkjarfélaga sem það fylgir eftir fyrstu dagana meðan það er að kynna dagskipulaginu í frístund.	
Vert er að benda sérstaklega á handbókina <i>Frístundalæsi</i> – efling máls og læsis, þar er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig efla megi mál og læsi barna í frístundastarfi	
Hvaða tungumál eru töluð í frístund? Hafið stafrófin eða stuttar kveðjur tungumálanna sýnileg. Einnig er gaman að setja upp orð vikunnar.	
Mikilvægt er að nýta sjónrænt skipulag sem börnin geta lært á auðveldan hátt, t.d. myndrænar reglur, leiðbeiningar og sáttmálar. Einnig er mikilvægt að merkja hluti innahúss til að hjálpa börnum við að efla orðaforða. Það er skemmtilegt að gera það í samstarfi við börnin.	
Ef þið hafið tök á því er gott að skipuleggja lestrarhorn með bókum á ýmsum tungumálum.	
Reynið að efla tengsl við foreldra nemandans. Notast má við google translate þegar skrifaður er tölvupóstur og þá skiljast aðalatriðin í skilaboðunum. Mikilvægt er að gleyma ekki erlendum foreldrunum þegar sendir eru t.d. vikupóstar eða aðrir upplýsingapóstar.	

